

Lýsigögn:

Fjöldi launagreiðenda og launþega

0. Skráningaratriði fyrir viðfangsefni

0.1 Heiti

Fjöldi launagreiðenda og launþega

0.2 Efnisflokkur

Fyrirtæki

0.3 Umsjón; stofnun, deild, sérfræðingur o.s.frv.

Hagstofa Íslands

Fyrirtækjatölfræði

Sigrún Halldórsdóttir

Sími: 528-1275

0.4 Tilgangur og aðdragandi

Samkvæmt lögum um Hagstofu Íslands 163/2007 skal birta tölfræðilegar upplýsingar um landshagi Íslands. Einn liður í því er að birta tölur um fjölda launagreiðenda og launþega.

0.5 Notendur og notkunarsvið

Tölum um fjölda launagreiðenda og launþega er ætlað að gefa grófa mynd af þróun atvinnulífs til skamms tíma og árstíðasveiflum í einstökum atvinnugreinum.

Allar tölur eru bráðabirgðatölur. Við birtingu nýrra talna eru eldri tölur endurskoðaðar, yfirleitt til hækunar vegna síðbúinna gagna. Sjá nánar í kafla 3 Áreiðanleiki og öryggismörk.

0.6 Heimildir

Fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands og staðgreiðslugögn. Staðgreiðslugögn koma frá ríkisskattstjóra en öllum þeim sem teljast launagreiðendur samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, þ.e. þeir sem inna af hendi eða reikna greiðslur sem teljast vera laun, ber að útfylla og skila sundurliðun launatekna mánaðarlega til ríkisskattstjóra.

0.7 Lagalegur grundvöllur fyrir hagskýrslugerð

Lög um Hagstofu Íslands nr. 163/2007.

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2007163.html>

0.8 Svarbyrði við innsöfnun

Engin.

0.9 Ákvæði vegna EES og ESB

Á ekki við.

1. Efni

1.1 Efnislýsing

Mánaðarlegar tölur um fjölda launagreiðenda og launþega á Íslandi.

1.2 Tölfræðileg hugtök

Launagreiðandi: Sá sem skilar sundurliðun launatekna fyrir a.m.k. einn launþega í gegnum staðgreiðslukerfi ríkisskattstjóra.

Launþegi: Sá sem fær launagreiðslur gegnum staðgreiðslukerfi ríkisskattstjóra, óháð aldri, búsetu og ríkisfangi. (Ekki talið með: Greiðslur úr fæðingarorlofssjóði, lífeyris- og örorkugreiðslur, atvinnuleysisbætur, félagsaðstoð sveitarfélaga, greiðslur frá Tryggingastofnun, styrkir frá stéttarfélögum, bætur frá tryggingafélögum og greiðslur úr Ábyrgðarsjóði launa).

Launþegar sem fá greitt frá fleiri en einum launagreiðanda: Ef launagreiðendurnir eru í sömu atvinnugrein er launþeginn aðeins talinn einu sinni í þeim flokki. Ef launagreiðendur þeirra eru ekki í sömu atvinnugrein, þá eru þeir taldir með á báðum stöðum en bara einu sinni í samtölu yfir allar atvinnugreinar.

ÍSAT2008 er íslensk atvinnugreinaflokkun sem byggir á atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, NACE rev. 2, sem gildir í öllum löndum Evrópska efnahagssvæðisins. ÍSAT2008 er fimm stafa flokkunarkerfi og eru fyrstu fjórir stafirnir eins og í NACE rev. 2. Nákvæma lýsingu á einstökum flokkum má finna á:

<https://www.hagstofa.is/utgafur/nanar-um-utgafu?id=54698>

Atvinnugreinar: Launagreiðendur eru flokkaðir eftir aðalatvinnugrein þeirra, skv. ÍSAT2008. Launþegar eru flokkaðir eftir aðalatvinnugrein launagreiðenda.

Atvinnugreinaflokkar: Hér eru birtar hagtölur fyrir nokkra atvinnugreina flokka sem Eurostat, hagstofa Evrópusambandsins, hefur skilgreint. Dæmi um þannig flokk er „einkennandi greinar ferðaþjónustu“. Með því að nota flokka sem alþjóðastofnanir hafa skilgreint er hægt að auka líkurnar á því að til séu sambærileg gögn fyrir önnur lönd og að hægt sé að bera saman milli landa.

Atvinnugreinar í veftöflum:

<http://hagstofa.is/talnaefni/atvinnuvegir/fyrirtaeki/fyrirtaeki/>

- Allar atvinnugreinar
- Viðskiptahagkerfið (ÍSAT nr. 03-82, 95-96)
 - Allar atvinnugreinar, nema: landbúnaður og skógrækt (ÍSAT 01-02); opinber stjórnýsla, varnarmál og almannatryggingar (ÍSAT nr. 84); fræðslustarfsemi (ÍSAT nr. 85); heilbrigðis- og félagsþjónusta (ÍSAT nr. 86-88); menningar-, íþrótt- og tómstundastarfsemi (ÍSAT nr. 90-93); starfsemi félagasamtaka (ÍSAT nr. 94); heimilishald með launuðu starfsfólki (ÍSAT nr. 97); þjónustustarfsemi og framleiðsla á heimilum á ýmis konar vöru til eigin nota (ÍSAT nr. 98); starfsemi stofnana og samtaka með úrlendisrétt (ÍSAT nr. 99).
- Landbúnaður og skógrækt (ÍSAT nr. 01-02)
- Sjávarútvegur (ÍSAT nr. 031, 102)
- Framleiðsla án fiskvinnslu (ÍSAT nr. 10-33 án 102)
- Framleiðsla málma (ÍSAT nr. 24)
- Framleiðsla á málmvörum, að undanskildum vélum og búnaði (ÍSAT nr. 25)
- Rafmagns-, gas- og hitaveitur (ÍSAT nr. 35)
- Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (ÍSAT nr. 41-43)

- Bygging húsnæðis; þróun byggingarverkefna (ÍSAT nr. 41)
- Mannvirkjagerð (ÍSAT nr. 42)
- Sérhæfð byggingarstarfsemi (ÍSAT nr. 43)
- Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum (ÍSAT nr. 45-47)
- Sala, viðgerðir og viðhald á vélknúnum ökutækjum og tengivögnum (ÍSAT nr. 45)
- Heildverslun, að undanskildum vélknúnum ökutækjum (ÍSAT nr. 46)
- Smásöluverslun, að undanskildum vélknúnum ökutækjum (ÍSAT nr. 47)
- Flutningar og geymsla (ÍSAT nr. 49-53)
- Farþegaflutningar með flugi (ÍSAT nr. 511)
- Þjónustustarfsemi tengd flutningum með flugi (ÍSAT nr. 5223)
- Rekstur gististaða og veitingarekstur (ÍSAT nr. 55-56)
- Rekstur gististaða (ÍSAT nr. 55)
- Veitingasala og -þjónusta (ÍSAT nr. 56)
- Upplýsingar og fjarskipti (ÍSAT nr. 58-63)
- Fjármála- og váttryggingastarfsemi (ÍSAT nr. 64-66)
- Fasteignaviðskipti (ÍSAT nr. 68)
- Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi (ÍSAT nr. 69-75)
- Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta (ÍSAT nr. 77-82)
- Starfsmannaleigur (ÍSAT nr. 782)
- Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og önnur bókunarþjónusta (ÍSAT nr. 79)
- Fræðslustarfsemi og opinber stjórnsýsla (ÍSAT nr. 84-85)
- Heilbrigðis- og félagsþjónusta (ÍSAT nr. 86-88)
- Menningar-, íþrótt- og tómstundastarfsemi (ÍSAT nr. 90-93)
- Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi (ÍSAT nr. 94-96 án 942)
- Félagasamtök, viðgerðir og önnur þjónustustarfsemi
 - Starfsemi félagasamtaka, fyrir utan starfsemi stéttarféлага (ÍSAT nr. 94, án 942)
 - Viðgerðir á tölum og hlutum til einka- og heimilisnota (ÍSAT nr. 95)
 - Önnur þjónustustarfsemi (ÍSAT nr. 96)
- Einkennandi greinar ferðaþjónustu [skv. skilgreiningu Eurostat]
 - Farþegaflutningar á landi (ÍSAT nr. 491, 4932, 4939)
 - Farþegaflutningar á sjó og á skipgengum vatnaleiðum (ÍSAT nr. 501, 503)
 - Farþegaflutningar með flugi (ÍSAT nr. 511)
 - Hótel og gistiheimili; orlofsdvalarstaðir; tjaldsvæði, svæði fyrir húsbýla og hjólhýsi (ÍSAT nr. 551-553)
 - Veitingastaðir, krár, kaffihús, dansstaðir o.þ.h. (ÍSAT nr. 561, 563)
 - Leiga á vélknúnum ökutækjum; leiga á tómstunda- og íþróttavörum (ÍSAT nr. 771, 7721)
 - Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og önnur bókunarþjónusta (ÍSAT nr. 79)
- Meðal- og hátækni framleiðsla [skv. skilgreiningu Eurostat]
 - Framleiðsla á efnum og efnavörum (ÍSAT nr. 20)
 - Vopna- og skotfæraframleiðsla (ÍSAT nr. 254)
 - Framleiðsla á tölvu-, rafeinda- og optískum vörum (ÍSAT nr. 26)
 - Framleiðsla á rafbúnaði og heimilistækjum (ÍSAT nr. 27)
 - Framleiðsla á öðrum ótöldum vélum og tækjum (ÍSAT nr. 28)
 - Framleiðsla á vélknúnum ökutækjum og tengivögnum (ÍSAT nr. 29)
 - Framleiðsla annarra farartækja (ÍSAT nr. 30)
 - Framleiðsla á tækjum og vörum til lækninga og tannlækninga (ÍSAT nr. 325)
- Hátækniþjónusta [skv. skilgreiningu Eurostat]
 - Póst- og boðberaþjónusta (ÍSAT nr. 53)
 - Útgáfustarfsemi (ÍSAT nr. 58)
 - Útvarps- og sjónvarpsútsending; dagskrárgerð (ÍSAT nr. 60)
 - Fjarskipti (ÍSAT nr. 61)
 - Þjónustustarfsemi á sviði upplýsingatækni (ÍSAT nr. 62)

- Starfsemi á sviði upplýsingaþjónustu (ÍSAT nr. 63)
- Vísindarannsóknir og þróunarstarf (ÍSAT nr. 72)
- Upplýsingatækni og fjarskipti [skv. skilgreiningu Eurostat]
 - Framleiðsla á rafeindaíhlutum og spjöldum (ÍSAT nr. 261)
 - Framleiðsla á tölum og jaðarbúnaði (ÍSAT nr. 262)
 - Framleiðsla fjarskiptabúnaðar (ÍSAT nr. 263)
 - Framleiðsla á sjónvarps-, útvarps- og hljómtækjum og skyldum búnaði (ÍSAT nr. 264)
 - Framleiðsla á segul- og optískum miðlum (ÍSAT nr. 268)
 - Heildverslun með upplýsinga- og fjarskiptatæki (ÍSAT nr. 465)
 - Hugbúnaðarútgáfa (ÍSAT nr. 582)
 - Fjarskipti (ÍSAT nr. 61)
 - Þjónustustarfsemi á sviði upplýsingatækni (ÍSAT nr. 62)
 - Gagnavinnsla, hýsing og tengd starfsemi, vefgáttir (ÍSAT nr. 631)
 - Viðgerðir á tölum og fjarskiptabúnaði (ÍSAT nr. 951)
- Upplýsinga- og dagskrármíðlun [skv. skilgreiningu Eurostat]
 - Bókaútgáfa, tímaritaútgáfa og önnur útgáfustarfsemi (ÍSAT nr. 581)
 - Framleiðsla á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni; hljóðupptaka og tónlistarútgáfa (ÍSAT nr. 59)
 - Útvarps- og sjónvarpsútsending; dagskrárgerð (ÍSAT nr. 60)
 - Önnur starfsemi á sviði upplýsingaþjónustu (ÍSAT nr. 639)
- Tækni- og hugverkaiðnaður [skv. skilgreiningu Eurostat]
 - Framleiðsla á efname og efnavörum (ÍSAT nr. 20)
 - Vopna- og skotfæraframleiðsla (ÍSAT nr. 254)
 - Framleiðsla á tölvu-, rafeinda- og optískum vörum (ÍSAT nr. 26)
 - Framleiðsla á rafbúnaði og heimilistækjum (ÍSAT nr. 27)
 - Framleiðsla á öðrum ótöldum vélum og tækjum (ÍSAT nr. 28)
 - Framleiðsla á vélknúnum ökutækjum og tengivögnum (ÍSAT nr. 29)
 - Framleiðsla annarra farartækja (ÍSAT nr. 30)
 - Framleiðsla á tækjum og vörum til lækninga og tannlækninga (ÍSAT nr. 325)
 - Póst- og boðberaþjónusta (ÍSAT nr. 53)
 - Útgáfustarfsemi (ÍSAT nr. 58)
 - Útvarps- og sjónvarpsútsending; dagskrárgerð (ÍSAT nr. 60)
 - Fjarskipti (ÍSAT nr. 61)
 - Þjónustustarfsemi á sviði upplýsingatækni (ÍSAT nr. 62)
 - Starfsemi á sviði upplýsingaþjónustu (ÍSAT nr. 63)
 - Vísindarannsóknir og þróunarstarf (ÍSAT nr. 72)
- Skapandi greinar
 - Skartgripasmíði og skyld framleiðsla (ÍSAT nr. 3212)
 - Útgáfustarfsemi (ÍSAT nr. 58)
 - Framleiðsla á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni; hljóðupptaka og tónlistarútgáfa (ÍSAT nr. 59)
 - Útvarps- og sjónvarpsútsending; dagskrárgerð (ÍSAT nr. 60)
 - Hugbúnaðargerð (ÍSAT nr. 6201)
 - Ráðgjafarstarfsemi á sviði upplýsingatækni (ÍSAT nr. 6202)
 - Almanatengsl (ÍSAT nr. 7021)
 - Starfsemi arkitekta (ÍSAT nr. 7111)
 - Auglýsingastarfsemi (ÍSAT nr. 731)
 - Sérhæfð hönnun (ÍSAT nr. 741)
 - Ljósmyndaþjónusta (ÍSAT nr. 742)
 - Þýðingar- og túlkunarþjónusta (ÍSAT nr. 743)
 - Listnám (ÍSAT nr. 8552)
 - Skapandi listir og afþreying (ÍSAT nr. 90)
 - Starfsemi bóka- og skjalasafna (ÍSAT nr. 9101)
 - Starfsemi safna (ÍSAT nr. 9102)

Veftafla um fjölda launþega í einkennandi greinum ferðapjónustu:

<https://hagstofa.is/talnaefni/atvinnuvegir/ferdathjonusta/hagvisar-i-ferdathjonustu/>

- Einkennandi greinar ferðapjónustu (ÍSAT nr. 491, 4932, 4939, 501, 503, 511, 551-553, 561, 563, 771, 7721, 79)
- Farþegaflutningar með flugi (ÍSAT nr. 511)
- Rekstur gististaða (ÍSAT nr. 55)
- Veitingasala og -þjónusta (ÍSAT nr. 56)
- Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og bókunarþjónusta (ÍSAT nr. 79)
- Aðrar atvinnugreinar tengdar ferðapjónustu (ÍSAT nr. 4932, 4939, 771, 7721)

2. Tími

2.1 Viðmiðunartími talnaefnis

Almanaksmánuður.

2.2 Vinnslutími

Fyrstu tölur eru gefnar út tveimur mánuðum eftir að viðmiðunartímabili lýkur. Þær tölur eru endurskoðaðar mánuði seinna, um leið og fyrstu tölur eru birtar fyrir næsta mánuð.

2.3 Stundvísi birtingar

Í samræmi við birtingaráætlun sem er á vef Hagstofu Íslands.

2.4 Tíðni birtinga

Mánaðarlega.

3. Áreiðanleiki og öryggismörk

3.1 Nákvæmni gagna og áreiðanleiki

Fjöldi launþega er áætlaður út frá staðgreiðslugögnum og byggir nákvæmni gagna á þeim upplýsingum sem berast frá launagreiðanda til ríkisskattstjóra. Þeir sem eru með rekstur á eigin kennitölu og greiða sjálfum sér laun eru ekki taldir með. Reiknaður er fjöldi einstaklinga sem fengu launagreiðslur í hverjum mánuði. Reynt hefur verið að útiloka greiðslur vegna orlofs- og desemberuppbótar til fyrrverandi starfsmanna en þó gætu þess háttar greiðslur hafa slæðst með og valdið oftalningu. Sömuleiðis er illmögulegt að leiðrétta fyrir afturvirkum greiðslum til fyrrverandi starfsmanna, t.d. í sambandi við afturvirka kjarasamninga.

Atvinnugreinaflokkun er skv. ÍSAT2008 og byggir á Fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands. Flest fyrirtæki falla innan skilgreiningar einnar atvinnugreinar samkvæmt ÍSAT 2008 staðlinum en sum stærri fyrirtæki eru í fleiri en einni atvinnustarfsemi. Í þeim tilvikum ræður sú atvinnugrein sem færir fyrirtækinu hærrí rekstrartekjur. Dæmi um fyrirtæki í einni eða fleiri starfsemi eru sjávarútvegsfyrirtæki sem eru bæði í veiðum og vinnslu. Fiskveiðar tilheyra deild 03, fiskveiðar og fiskeldi, en fiskvinnsla tilheyrir deild 10, matvælaframleiðslu. Í þessu talnaefni og í eru flokkar "031 Fiskveiðar" og "102 Fiskvinnsla". teknir saman.

3.2 Skekkjuvaldar í gögnum

Launagreiðendur skila ekki alltaf gögnum í tæka tíð. Röng atvinnugreinaskráning fyrirtækja getur einnig valdið skekkju.

3.3 Tölur um öryggismörk/skekkjumælingar

Ekki verða áætluð skekkjumörk fyrir þessar hagtölur. Þó eru birtar upplýsingar um samband milli fyrstu talna og endurskoðaðra talna. Sjá nánar í kafla 4.3 Samband milli bráðabirgðatalna og lokatalna.

4. Samanburður

4.1 Samanburðarhæfi milli tímabila

Tölur eru samanburðarhæfar milli mánaða. Það getur verið smávægilegt misræmi milli ára ef margir launagreiðendur, eða stórir launagreiðendur, skipta um atvinnugrein. Í Fyrirtækjaskrá Hagstofu miðast atvinnugreinaflokkun við almanaksár og ef fyrirtæki skiptir um atvinnugrein þá er það talið vera í þeirri atvinnugrein frá upphafi ársins sem skiptin eiga sér stað.

Fjöldi launagreiðenda og launþega er oft aðeins vanmetinn á nýliðnum tímabilum. (Sjá kafla 4.3.) Nauðsynlegt er að hafa það í huga þegar verið er að bera saman seinustu tímabil við fyrri tímabil.

4.2 Samanburður við aðrar hagtölur

Hér eru taldir allir sem fá laun gegnum staðgreiðsluferfi ríkisskattstjóra, óháð aldri, búsetu og þjóðerni. Þannig teljast með börn í unglingavinnu og fólk sem hefur aldrei haft fasta búsetu á Íslandi. Þetta er nauðsynlegt að hafa í huga þegar borið er saman við aðrar hagtölur. Hér að neðan eru taldar upp nokkrar aðrar hagtölur sem Hagstofa reiknar og hvað skilur þær að hagtölum um fjölda launþega og launagreiðenda.

Skammtíma vísitölur um fjölda starfsmanna (STS), birtar á vef hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat:

- <http://ec.europa.eu/eurostat/web/short-term-business-statistics/overview/sts-in-brief>
- STS-vísitölur ná ekki yfir allar atvinnugreinar.
- Fólk sem er í fæðingarorlofi, án þess að fá greiðslur frá atvinnurekanda, er talið með í STS.

Rekstrar- og efnahagsyfirlit fyrirtækja (R&E), birt á heimasíðu Hagstofu Íslands:

- <https://hagstofa.is/talnaefni/atvinnuvegir/fyrirtaeki/>
- Aðeins fyrirtæki sem skila skattskýrslu eru í R&E, t.d. fæst opinber fyrirtæki => lægri tölur í R&E
- Í R&E eru tölur á ársgrundvelli.

Heildarfjöldi starfandi samkvæmt skráargögnum (VS), birt á heimasíðu Hagstofu Íslands:

- <https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/vinumarkadur/>
- Talningar á einstaklingum úr mánaðarlegum staðgreiðslu- og mannfjöldagögnum.
- Í VS eru einstaklingar sem eru starfandi, það er þeir einstaklingar sem hafa tekjur af vinnu sem eru staðgreiðsluskyldar, þar á meðal eru tekjur í fæðingarorlofi starfandi og reiknað endurgjald
- Talningar eru flokkaðar eftir kyni, aldri, búsetu, bakgrunni og atvinnugrein.

Vinumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands (VMR), birt á heimasíðu Hagstofu Íslands:

- <https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/vinumarkadur/>
- VMR er úrtakskönnun, ekki heildartalning.
- Í þýði VMR eru allir 16-74 ára með lögheimili á Íslandi. Þeir sem eru eldri, yngri eða hafa lögheimili erlendis lenda ekki í úrtaki.
- VMR telur alla starfandi, einnig eigin atvinnurekendur og þá sem vinna launalaust.
- Í VMR er atvinnugreinaflokkun eftir einstaklingum, þannig að launþegar flokkast ekki í alltaf aðalatvinnugrein launagreiðenda.

4.3 Samband milli bráðabirgðatalna og lokatalna

Allar tölur eru bráðabirgðatölur. Tölur geta breyst eftir fyrstu birtingu vegna síðbúinna skila launagreiðenda. Slíkar breytingar leiða yfirleitt til hækkunar. Tölur geta einnig breyst afturvirk ef fyrirtæki skiptir um atvinnugrein, en slíkar breytingar gilda alltaf afturvirk í Fyrirtækjaskrá Hagstofu, a.m.k. aftur til seinustu áramóta og stundum lengra aftur í tíma.

Að jafnaði hækka tölur frá fyrstu til annarrar birtingar. Þetta er þó breytilegt og eftir því sem atvinnugreinar eru minni er meiri hætta á miklum sveiflum.

Tölur um fjölda launagreiðenda breytast yfirleitt hlutfallslega meira við endurskoðun en en tölur um fjölda launþega. Helsta ástæðan er að þeir sem skila gögnum seint eru yfirleitt launagreiðendur með fáa launþega.

Tölulegar upplýsingar um endurskoðun birtra hagtalna má finna í skjali sem er birt í flokkinum "Endurskoðun hagtalna" á síðunni

<https://hagstofa.is/talnaefni/atvinnuvegir/fyrirtaeki/>

5. Aðgangur að upplýsingum

5.1 Miðlunarleiðir

- Fréttir birtar á vef Hagstofunnar
- Hagtölur, efnisflokkaðar veftöflur

5.2 Grunnöggn; varðveisla og notkunarmöguleikar

Grunngögn eru varðveitt sem trúnaðarupplýsingar á Hagstofunni. Aðgangur að grunngögnum er bundin við þá starfsmenn Hagstofunnar sem vinna með gögnin. Sjá nánar á:

<https://hagstofa.is/thjonusta/>

5.3 Skýrslur

Sjá ofan.

5.4 Aðrar upplýsingar

Frekari upplýsingar má fá hjá Fyrirtækjasviði Hagstofu.